


Dalalæðan

1. tbl. 15. árg. 8. febrúar 2002.



Frá Helgadal

Hér má sjá gamla bæinn í Helgadal sem reistur var árið 1906. Horft er norður til Mosfells og Kistufells. Minna-Mosfell er á miðri mynd, bæjarhúsin á Hrísrú lengst til vinstri en ekkert hús var á kirkjuhólum á Mosfelli þegar myndin var tekin á 5. áratugnum.

Bæjarlækurinn er fremst á myndinni en hann var m.a. notaður til þvotta. Þar fyrir ofan er matjurtagarðurinn.

Bæjargöngin voru beint inn af útidyrnum og eldhúsið var innarlega neðan við strompinn. Úr því var innangengt beint inn í fjósið og hlöðuna sem sést fjærst.

Leiðari

Laxnessvor

Þann 23. apríl næstkomandi er öld liðin frá fæðingu Halldórs Laxness. Síðustu mánuði hefur sérstök Laxnessnefnd verið að störfum á vegum Mosfellsbæjar og lagt á ráðin um það hvernig halda megí minningu Halldórs á lofti á hans heimaslóðum. Ljóst er að það verður gert með margvíslegum hætti, m.a. með hátíðardagskrá á fæðingardegi skáldsins og listahátíð barna á sumardaginn fyrsta, þann 25. apríl. Uppi eru hugmyndir um að gera Gljúfrastein að safni, þar sem áhersla verður lögð á að heimili og vinnustaður skáldsins verði varðveitt, og gönguleiðir í nágrenni Gljúfrasteins verða merktar og gerðar aðgengilegar. Meðal annars er ráðgert að gera gönguleið upp með Köldukvísl frá Gljúfrasteini að Helgufossi og aðra gönguleið frá Gljúfrasteini að Mosfelli.

Tengsl Halldórs Laxness við Mosfellsdal eru margþætt og urðu bæði til með verkum hans og búsetu. Hann fluttist þriggja ára gamall í dalinn, á vordögum árið 1905. Þótt Halldór hleypsti heimdraganum ungur að árum leitaði hann bernskuslóðanna sífellt aftur, sá

þær í hillingum sem draumaland æskuáranna og byggði þar hús í fyllingu tímans. Hann leitaði einnig á þessar slóðir í verkum sínum, einkum á efri árum, fyrst með *Innansveitarkroniku*, sem kom út árið 1970, og síðan í endurminningarbókum sínum sem hann ritaði á áttæðisaldri. Fyrsta endurminningarsagan heitir *Í túninu heima* og þar má glöggst sjá að það er fyrst og fremst dalurinn með fjöllum sínum og fólki sem heillar skáldið sem segir: „Oft er ég í draumi aftur staddur í þessu túni bernskunnar, Laxnestúninu, og nú er ekki leingur til. Ég var eitt af grösunum sem uxu í þessu túni.“

Á unglingsárum orti Halldór frá Laxnesi vísukorn á erlendri grund sem má heita óvenjuleg stefnuyfirlýsing hjá 17 ára pilti:

*Ég ætla að tala við kónginn í Kína
og kanski við páfann í Róm.
Og hvort sem það verður til falls eða
frægðar
þá fer ég á íslenskum skóm.*

Barnskórnir, sem hann sleit í túninu heima fyrir tæpri öld, dugðu honum á leiðarenda.

Bjarki Bjarnason.

Dalalæðan

1. tbl. 15. árg. 8. febrúar 2002.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot: Karl Tómasson.

Auglýsingar: Auður Eiríksdóttir, Gísli Snorrason og Valur Þorvaldsson.

Prentun: Offset ehf.

Merkisafmæli á árinu 2002

80 ára

*Svava Elíasdóttir í Víðigerði,
20. janúar.*

75 ára

*Salóme Þorkelsdóttir í Reykjahlíð,
3. júlí.*

60 ára

*Jón B. Aspar á Æsustöðum,
3. febrúar.*

*Ragnheiður Gíslason í Laxnesi,
30. júní.*

*Jón Baldvinsson á Furuvöllum,
2. október.*

*Helga L. Hólm í Selvangi,
16. nóvember.*

*Erlingur Ólafsson í Reykjadal,
23. desember.*

50 ára

*Guðrún Önfjörð Magnúsdóttir
frá Selholti, 10. janúar.*

*Ómar Önfjörð Magnússon
frá Selholti, 11. janúar.*

Þorkell Jónsson í Túnfæti, 28. maí.

Bjarki Bjarnason á Hvirfli, 15. júní.

*Guðlaug Sigurðardóttir frá
Reykjadal, 18. nóvember.*

*Bryndís Einarsdóttir frá Reykjadal,
9. desember.*

Dalalæðan óskar
þessu ágæta fólki til
hamingju!

Tannlæknastofa
Guðjóns S. Valgeirssonar
Urðarholti 4
Sími 566-6992

Hestaleigan
Laxnesi

Kjarna
Þverholti 2
Sími 586-8099
tiskuvöruverslun

BÍLAVERKSTÆÐI
Guðvarðar og Kjartans
Önnumst allar almennar bifrelðaviðgerðir,
jeppabreytingar, rennismiði,
sprautun o. fl.



Flugumýri 16 e, Mosfellsbæ
Sími 566 6257 - Fars. 853 6057
Fax 566 7157



Þessi mynd birtist í síðasta tölublaði Dalalæðunnar en prentaðist illa og er því endurbirt hér. Myndin er tekin í Mosfellsdal, horft er til norðurs í áttina að Mosfelli. Hér er verið að gera jarðræktartilraunir á Viðinum, Árni G. Eylands stýrir plógnum en Gunnlaugur Gunnlaugsson situr á dráttarvélinni sem varðveitt er á búvélasafninu á Hvanneyri.

Ferðapjónustan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími: 566-7098, 899-5198

Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason

Álafoss-föt bezt

Kaffi- og veitingahús

Álafossvegi

Sími 566-8585



MF ÞJÓNUSTAN ehf.
Grænumýri 5b, 270 Mosfellsbæ
S: 566-7217, 854-0617 Fax: 566-8317



Bakkakotsvöllur

Tannlæknastofa

Guðjóns S. Valgeirssonar

Urðarholti 4

Sími 566-6992

Árangurinn lætur ekki á sér standa

Það er sannað 100% af læknum. Ég hafði lengi reynt ýmsar gervileiðir. Þessi virkar 100%, maðurinn minn er alsæll. 100% trúnaður. Hef sótt námskeið og farið á margar kynningar hjá vinkonum. 95% líkur. 85% á öllu öðru. **Alma Þ.G. Óskars**
Sími

Skúr fyrir hæstarétti

Málaferli vegna skúrbyggingar í Mosfellsdal

Einhverju sinni hlutust mikil málaferli og hörð út af skúr nokkrum í Mosfellsdal. Málavextir voru þeir að Hjálmar Helgason, búsettur í Reykjavík, flutti skúr á landspildu sína sem hann átti í landi Hraðastaða, skammt norðan við Þjóðveginn og vestan heimreiðar að Laxnesi. Ekki voru þáverandi ráðamenn í Mosfellshreppi alveg sáttir við byggingu þessa og var ákveðið að veita manninum ekki leyfi að hafa skúrinn í Mosfellsdal. Í framhaldi af neitun byggingar- og skipulagsnefndar var ákveðið að skora á eigandann að fjarlægja skúrinn að öðrum kosti yrði hann fjarlægður en eigandinn sinnti því eigi.

Þetta gerðist árið 1967 en sveitarstjóri Mosfellshrepps var þá Matthías Sveinsson. (Hann var fyrsti sveitarstjórinn í Mosfellshreppi og bróðir Magnúsar Sveinssonar sem var formaður VR um árabíl.) Matthías hafði samband við byggingarfulltrúa hreppsins, sem þá var Hreinn Þorvaldsson, og bað hann um að sjá til þess að skúrinn yrði fluttur á brott og á öskuhauga sveitarinnar sem þá voru við Varmárskóla. Brotnaði skúrinn í flutningum og eyðilagðist síðar í eldi af ókunnum ástæðum, enda var ein af megin-skemmtunum barna og unglinga að leika sér þarna á haugunum.

Talið var að flutningur skúrsins án undangengins dómsúrskurðar hefði verið andstæður lögum og væri ekki séð að almannahagsmunir hefðu valdið því að brottflutningur væri knýjandi. Var því lögð á sveitarsjóð Mosfellshrepps fébótaábyrgð á tjóni mannsins.

Skúrinn var 4 x 6 metrar að

stærð og hálfur þriðji metri á hæð. Grind úr 2" x 4" battningum, loft og veggir klæddir með 1" x 6" að utan ásamt tjörupappa. Þakið járnklætt. Að innan voru veggir klæddir trétexi, einangrun veggja, lofts og gólfs með steinull.

Áður en skúrinn var fluttur í Mosfellsdal stóð hann á lóð Hrafnistu í Reykjavík en var fluttur 10. maí 1967 að Krossanesi í landi Hraðastaða, sem eigandinn hafði keypt um þremur árum áður. Gekk ekkert eftir að fá leyfi hjá byggingarnefnd þessi þrjú ár að byggja hús á skikanum sem eigandinn hugðist nýta sem garðlönd fyrir sig og sína.

Bar Mosfellshrepp því fébótaábyrgð og var gert að bæta skúreiganda missinn, kr. 25.000 krónum í skaðabætur og 15.000 í málskostnað. Þessi niðurstaða var staðfest í Hæstarétti en þá bættust við 18.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

(Byggt á Hæstaréttardómum, 1974, bls. 96-109.)

Guðjón Jensson.



Minningar úr Helgadal

Björn Bjarnarson, sem var búsettur í Mosfellssveit frá 1887, segir svo frá í endurminningum sínum um Helgadal: „Þar bjó fyrst er eg man, Þorkell Kristjánsson frá



**Guðjón Sigurður
Jónsson.**

Skógarkoti, faðir Kristjáns hreppstj. í Álfsnesi og Víðinesi. Síðan hafa þar ýmsir búið. Jón Jónsson frá Varmá náði eignarhaldi á jörðinni og nú á hana ekkja hans, Ingibjörg Jónsdóttir, en ábúandinn er eitt af þeirra mörgu börnum, Guðjón Sigurður, efnilegur maður. Allmiklar batur þar, túnauki o. fl.“ (2. bók bls. 190)

Jón hóf búskap á Mosfelli um aldamótin 1900. Þegar séra Magnús Þorsteinsson er skipaður prestur Mosfellinga sat hann fyrsta veturinn í Laxnesi en óskaði eftir því að fá Mosfell sem prestsetur eins og lengi hafði verið. Varð þá Jón að standa upp fyrir honum en hann hafði unnið töluvert að jarðabótum á Mosfelli. Var þá Helgadalur laus til ábúðar og þangað flyst Jón ásamt Ingibjörgu konu sinni og börnum þeirra hjóna. Sagt var að eftir að Jón þurfti að víkja fyrir séra Magnúsi á Mosfelli hafi hann ekki verið að rækta sérstaklega samband við prestinn og jafnvel látið hann skíra nokkur börn í einu til að fækka heim-sóknum prestsins í Helgadal.

Árið 1918 bjuggu þau Jón og Ingibjörg með 12 börn en samtals höfðu þau þá eignast 14 börn. Þá riður áfallið mikla yfir. Spánska veikin berst til landsins og í Mosfellssveitina og þar með Helgadal. Jón í Helgadal tekur veikina og lést innan skamms. Húsfreyja veiktist einnig ásamt börnunum og var heimilið ósálfbjarga. Meðan Ingibjörg lá sjúk fæddi hún tvíbura andvana og hafði hún þá eignast 16 börn. Reynt var að veita heimilinu brýnustu hjálp og fjársöfnun hafin. Þegar heimilisfaðirinn og börnin, sem létust, voru jarðsett, lá Ingibjörg enn dauðveik. Af þessum hræðilega atburði segir í ritinu *Öldin okkar* 1901-1930, bls.168.

Í Dalalæðunni, sem kom út í febrúar 1998, eru minningarorð um son þeirra Jóns og Ingibjargar, Guðjón Sigurð, sem lést í hárrí elli. Þann 10. janúar s.l. voru 100 ár liðin frá fæðingu hans en hann bjó í Helgadal um áratugaskeið, tók við búinu á unglingsárum við fráfall föður síns og bjó þar til ársins 1966. Á myndinni, sem fylgir þessari grein, er hann 44 ára gamall og er hún tekin af því tilefni að hann hafði fest kaup á landbúnaðarjeppa og varð því að útvega sér ökuskírteini.

Einar Guðjónsson rafvirki og kennari í Iðnskólanum í Reykjavík er sonur Guðjóns Sigurðar og Guðlaugar Einarsdóttur og mörgum dalbúum kunnur frá fyrri tíð. Einar hefur lagt til meðfylgjandi myndir, þakkarbréf frá amerískum herforingja og blaðaúrklippu sem reyndist vera úr Morgunblaðinu frá ársbyrjun 1944. Þá hefur Einar veitt margar upplýsingar til að við getum áttað okkur betur á ýmsum fróðlegum punktum. En hvers vegna komst fólkið í Helgadal í fréttir Morgunblaðsins árið 1944. Frásögn Morgunblaðsins hljóðar svo:

Íslensk hjón bjarga amerísk- um flugmanni frá kulda og vosbúð

Amerískur flugmaður í flugliðinu hjer á landi telur sig vera í mikilli þakkarskuld við Guðjón Jónsson og konu hans. Þau björguðu flugmanninum frá vosbúð og kulda, er hann hafði lent í fallhlíf skamt frá heimili þeirra hjóna. Blað setuliðsins, „Hvíti fálkinn“ sem segir frá þessu, getur ekki um heimilisfang hjónanna. Ameríski flugmaðurinn heitir Nick Stam, og er liðsforingi að tign.... Hann neyddist að stökkva úr flugvjel sinni. Er hann kom til jarðar, gat hann ekki gengið vegna meiðsla.... Guðjón Jónsson bar flugmanninn til bæjar, því hann var heldur illa á sig kominn. Guðjón lánaði honum stígvjel og húsfreyja hitaði te.

Þess ber að geta að á stríðsárunum var ritskoðun mjög beitt gagnvart íslenskum fjölmiðlum, blöðum og útvarpi og mátti ekki birta hvað sem var nema með sérstöku leyfi. Þannig mátti ekki greina frá liðsflutningum, æfingum eða neinu slíku sem tengdist hernaði Bandaríkjanna og Bretá hvað þá slysum enda var mjög óttast að minnsta frétt gæti skaðað stríðsrekstur bandamanna.

Yfirleitt var því frétt sem þessi mjög seint á ferð, stundum löngu eftir að raunverulegur atburður hafði átt sér stað en einn góðan veðurdag fengu hjónin í Helgadal þakkarskjal, undirritað af George P. TourTellot, brigader general í Camp Tripoli, dagsett 21. 2. 1944:

I wish to express to you my most sincere thanks, as well as that of my Command, for the outstanding chivalry and thoughtfulness tendered Lieutenant Stam following his unfortunate accident.

It is most difficult to convey adequately our appreciation of the kindness shown by you and your fine wife in nursing lieutenant Stam during his short stay in your home.

Your generous and sympathetic help on this occasion is yet another example of the goodwill and cooperation which we have always encountered in our association with the people of your country.

Sincerely

*George P. TourTellot, brigader
general, U.S.A. Commandin.*

Einar Guðjónsson segir þannig frá atburði þessum að tvær herflugvélar hefðu rekist á yfir fjallendinu milli Helgadal og Suður-Reykja. Hafi önnur lent í mýrinni innan við hólinn sérkennilega austarlega á Reykja-fellinu á móts við Borgarvatn, grafist þar niður í svörðinn og rífið upp stór klaka-stykki. Mun hluti úr flugvél þessari prýða hlaðið á Reykjum sem nokkurs konar nú-tímalistaverk. Hin flugvélin mun hafa hrapað í melana þar vestur af og sundrast.




Heyskapur í Helgadal.

Torfi Jónsson kennari í lönskólanum í Reykjavík man einnig þennan viðburð en hann var þá á 10. ári hjá foreldrum sínum í bústað skammt austan við Suður-Reyki sem enn er í eigu Torfa.

Mosfellskir bændur munu hafa farið fljótlega á slysstaðinn og hirt sitt lítið af hverju úr flökunum eftir að hafa komið nauðstöddu flugmönnum til bjargar. Einar kveðst t.d. hafa hirt járnbolta einn mikinn úr flaki flugvélarinnar og notað seinna sem svonefndan þolinmóð á beislið aftan á Farmal Cub traktor. Var bolti þessi sérlega endingargóður og þoldi ótrúlega mikið hnjask. Vann Einar á sumrum tölu-vert með traktor þessum einkum á 6. áratugnum, sló með honum hjá mörgum bændum í Mosfellsdal, einkum í Bringum, Mosfelli, Norður-Reykjum og Varmalandi.

Einar Guðjónsson var sex ára gamlan þegar atburður þessi átti sér stað en man þó óljóst eftir honum og flugmanninum sem faðir hans bjargaði.

Guðjón Jónsson.



Gamli bærinn í Helgadal

Bærinn var byggður á hlöðnum grunni. Var kjallari undir um það bil helm-ingnum af bænum. Í hlaðvarpanum er lengst til vinstri bali á hvolfi. Járnfata er einnig á hvolfi á steini og við bæjarhellunu liggur hundurinn afvelta. Fyrir ofan gluggann hægra megin við dyrnar eru mjólkursía hengd upp til þerris milli mjalta. Á þakinu má sjá strompinn og er band fest við hann. Ástæðan fyrir því var að oft sló reyknður í strompinn og þá þurfti að hagræða til að koma í veg fyrir það með því að festa spjald fyrir. Framan við bæinn bíða mjólkurbrúsarnir eftir því að vera fylltir. Myndin er líklega tekin árið 1947 og er í eigu Einars Guðjónssonar frá Helgadal.

***Gróðrastöðin
Laugaból
Sími: 566-6127***

Á ferð um Dalinn

Á ferð minni um Mosfellsdal á fyrri tíð
vakti það mikla athygli mína sú gegnd-
arlausu hugsun sem hvarflaði að mér
sama hvert litið var og skal engan undra
eftir þessi ótrúlegu afdrif og endalok.
Kýr og hestar, kindur til vinstri og blóm
til hægri, hús Kiljans framundan og
greið leið til Þingvalla alla jafna.
Þá orti ég:

*Hér eru bæði ær og kýr
stundarkorn frá Reykjavík.
Héðan enginn maður flýr
ekki frekar en lóðatík.*

Óskar Þ. G. Eiríksson.



ÍS FUGL

SS Gíslason Viðgerðir h.f.

Smiðshöfði 11 Sími 587-2060



Úr – Skartgripir


**FANNAR
KJARNA MOSFELLSBÆ**



Búnaðarbankinn

Hilmar Önfjörð Magnússon

*frá Selholti, f. 30. september
1948, d. 4. desember 2001.*



Hilmar Önfjörð Magnússon lést þann 4. desember síðastliðinn. For-eldrar hans voru Magnús Friðriksson (1919-1974) og Anna Jónsdóttir (1920-2000).

Systkini Hilmars eru Edda f. 1944,

Ómar og Guðrún f. 1952 og Magnús Bergmann f. 1958. Hilmar lætur eftir sig tvo syni.

Hilmar ólst upp í Laxnesi og Selholti, hann stundaði nám við Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði 1967-1970 og síðan framhaldsnám í Svíþjóð. Hann starfaði við kennslu í Garðyrkjuskólanum 1973-1976 og ylraekt í Svíþjóð 1977-1989. Síðustu þrjú árin vann Hilmar við smíðar hér á landi.

Hilmar var mikill tónlistarunnandi og lék sjálfur á gítar. Hann var m.a. í hljómsveitinni Lávarðarnir, þegar hann var við nám í Hveragerði, en einnig lék hann með bítlahljómsveitinni Benjamín í Mosfellsdal. Með honum í þeirri hljómsveit voru Ómar bróðir hans, Evert K. Ingólfsson frá Helgadal og Þorkell Jónsson frá Reykjahlíð. Evert rifjaði þessa tíma í Dalalæðunni árið 1994 og sagði m.a.:

„Þetta byrjaði allt uppi í Selholti. Þar var Hilmar. Hann las heimsbókmenntir og hann átti gítar. Gítarinn hafði hann fengið í

fermingargjöf, ég vissi aldrei hvar hann fékk bækurnar. Við höfðum kynnst í Mosfellssveitarrúttunni. Mosfellsrútan var menningarmiðstöð á hjólum, og brúsa-pallar og stoppistöðvar voru félagsmiðstöðvar unglinga í þá daga. Ég kom oft til Hilmars, honum gekk vel í skólanum og hann hafði góðan tíma til að sinna hugðarefnum sínum.

Hilmar var kominn með gítarinn. Hann var asskoti góður gítar af rússneskri gerð með stillanlegum hálsi. Ég man hann ennþá. Hann kunni ekkert á gítarinn. Hann sat bara með hann í höndunum. Það var þá sem þetta allt saman byrjaði. - En hann var fljótur að komast upp á lagið. Ég heimsótti hann oft. Hann spilaði á gítarinn og ég las fyrir hann á meðan. Hilmar byrjaði á einum streng og bætti svo fleirum við, og að lokum var hann farinn að spila á þá alla, - já og á alla í einu. - Var furða þótt mér brygði. Drengurinn var farinn að spila á gítar, Hann hafði skellt sér á sjóinn og var búinn að ná sér í gítar og magnara. Tónar sólógitarsins flýðu út í kvöldkyrrðina.“

Edda systir Hilmars ritaði minningarorð um hann í Morgunblaðinu þar sem hún segir m.a.: „Mig langar að minnst bróður míns, eins og hann var. Þegar hann var frískur og duglegur ungur maður. Hann var góður námsmaður og skaraði einatt framúr í því sem hann tók sér fyrir hendur. Hann sagði ávallt að skólinn væri eins og hver önnur vinna sem menn ættu að leggja sig fram við að gera sitt besta í. Þannig var hann og þannig fannst honum að aðrir ættu að vera líka.

Hann var hjartahlýr og vildi sínum vel. Það var kannski ekki alltaf augljóst þeim sem umgengust hann á seinni stigum en þannig þekkti ég hann áður og þannig vil ég muna hann.“

Best eru kvöldin

Ný ljóðabók eftir
Oddnýju Kristjánsdóttur



**Oddný
Kristjánsdóttir.**

Á nýliðnu ári kom út ljóðabókin *Best eru kvöldin* eftir Oddnýju Kristjánsdóttur í Ferjunesi í Villingaholtshreppi. Bókin var gefin út í tilefni af níræðisafmæli höfundar en Oddný var fædd að Minna-Mosfelli árið 1911. Bernskuslóðirnar eru Oddnýju ákaflega hugleiknar, í Dalalæðunni árið 1999 birtust minningarbröt hennar úr Dalnum og í ljóðabók Oddnýjar er ljóð sem heitir Minna-Mosfell en þar ólst hún upp til átta ára aldurs.



Háholti 23
Sími: 5666-355

**PAÐ
SEM
TIL
PARF**



Guðjón Haraldsson
Háholti 14
270 Mosfellsbær
Sími: 566 6279
Kí: 290338-3449



VÉLALEIGA
Guðjóns
Haraldssonar

FLUGUMYRI 10
270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 566 7179
GSM 896 6279
8 896 9443

Minna-Mosfell

- afmæliskeðja -

*Elsku Einsí bróðir,
eigum við að stansa
lítila stund á leiði
láta hugann reika
vitt til allra átta
er á kvöldi mildu
daggartárin tæru
lindra á krónu blóma.*

*Allt var fegurst fyrrum
fjærst í bernskudraumum
sé ég landið ljósa
ljúfa æskudalinn
þar sem fyrst við fundum
fold und smáum iljum
yfir höfði hvelfdist
himinn tær og víður.*

*Allt var blámi og birta
berjalyng og friður
sæla og sumardagur
sól og blómaangan
hlýtt var hjartarúmið
heima í bernskuranni
meðan við hópinn héldum
hugurinn þangað flýgur.*

*Þó að lengist leiðin
lúna gangan þreyti
falli grjót á götu
gusti éli köldu
athvarfið við eigum
inn við hjartarætur
trú og elsku ofið
indælt bernskuhreiddur.*

Oddný Kristjánsdóttir.

Fráfærur í Mosfellsdal

Á sínum tíma var gerð viðamikil könnun á vegum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands meðal eldri Íslendinga um ýmislegt sem tengdist sauðfjárrækt á fyrri tíð.



Hjónin á Hraðastöðum, Gróa Andrésdóttir (1891-1983) og Kjartan Magnússon (1891-1980). Myndin er tekin við eldhúsborðið á Hraðastöðum í desember 1976. Ljós. Bjarki Bjarnason.

Landbúnaður hafði tekið byltingarkenndum stakkaskiptum á öldinni og fólkið mundi tímana tvenna í þeim efnum, m.a. þegar fráfærur tíðkuðust á Íslandi.

Viðmælendur hér úr héraði voru Karl Viggó Eggertsson Norðdahl frá Hólmi við Suðurlandsveg (áður í Seltjarnarneshreppi), Guðmundur Þorláksson í Seljabrekku, Kjartan Magnússon á Hraðastöðum, Oddný Árnadóttir á Esjubergi (móðuramma Gísla Snorrasonar í Brekku-

koti), Jón Jónsson í Varmadal og Hannes Guðbrandsson í Hækingsdal í Kjós.

Guðmundur í Seljabrekku greindi frá búskap á Korpúlfsstöðum, þar sem hann ólst upp, en Kjartan var hins vegar alinn upp á Hraðastöðum og segir frá ýmsu afar fróðlegu úr dalnum frá sínum bernsku-árum. Hann var fæddur árið 1891 og á æskuárum hans var enn fært frá í Mosfellsdal. Viðtalið við Kjartan tók Anna Vilborg Einarsdóttir sumarið 1976 og í skýrslu hennar segir meðal annars:

„Orðið fráfærur var notað yfir það þegar lömbin voru tekin frá ánum og rekin til fjalls.

Fráfærudagur var ekki notaður sem viðmiðun við önnur störf. Oft var fært frá eftir hefð þ.e. alltaf sama tíma. Það var alltaf smalað fyrsta laugardag í júlí eða síðasta laugardag í júní. Kjartan man ekki eftir því að fólki hafi gert sér dagamun á fráfærudag. Lömbin voru tekin undan ánum og látin í sérhús sem var bakvið fjárhúsin. Þetta var alltaf gert kvöldið sem var smalað. Ærnar og lömbin voru í húsi fyrstu nóttina. Þegar ánum var sleppt út snemma um morguninn þá stóðu þær jarmandi í kringum kofann sem lömbin voru í. Síðan voru þær mjólkaðar um morguninn. Þetta var gert í 1-2 daga og var alltaf kallað að stífa. Það var bara verið að venja lömbin og ærnar fyrstu dagana. Ærnar voru svo sefnar á daginn en lömbin höfð í hafti á Mýrunum rétt fyrir neðan

bæinn í þessa 1-2 daga. Síðan voru þau rekin á fjall að kvöldi annars dags.

Haftið var gert úr ull. Það var vanalega tekinn kragi, hálfkragi, og vafinn með ullarlinda. Ef ærnar voru vel í föðrum þá var hægt að fá tvö höft af sömu ánni. Höftunum var smeygt upp á annan framfótinn fyrst og snúið nokkrum sinnum upp á bandið og síðan smeygt upp á hinn framfótinn.

Þaðir hans setti lömbin alltaf í haft daginn sem ærnar voru inn á fjalli og lömbin voru heima. Lömbin voru svo stygg að það var ómögulegt að reka þau í hús öðruvísi. Þann dag voru lömbin pössuð ákaflega vel, því að ef þau týndust í hafti þá hefði það drepði þau yfir sumarið. Höftin voru alltaf tekin af þeim á kvöldin. Sömu höftin voru notuð ár eftir ár.“



ÍSLANDBANKI

Þverholti 2 Mosfellsbæ
Sími: 560-8880



ÁLAFOSS
VERKSMÍÐJUSALA

Opið virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 10-14
Sími: 566-6303 Fax: 566-8330
Verið velkomin



Úrðarholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 566 6145 • Fax 566 6308

Dalbúar

fyrir og nú!

**Fjölmennum á
þorrablótið í
Fólkvangi þann
9. febrúar.**

Húsið opnar kl. 19.
Glæsileg skemmtiatriði,
m.a. mun doktor Halla
flytja nýja bændarímu
úr Mosfellsdal og allir
taka undir í viðlaginu
sem er þannig:

*Í Oddsbrekkunum æjum
við og ákavíti drekkum.
Gaman væri að gista hér
í fagurgrænum brekkum.*



Sætaferðir heim af blótinu.

Andrés á Hrísrú (1871-1956)



Andrés Ólafsson.



*Ólöf Jónsdóttir (1873 - 1936),
eiginkona Andrésar.*



*Íbúðarhúsið á Hrísrú sem
Andrés lét reisa um 1920.*

Á Hrísrú hefur sama ættin búið vel á aðra öld og þar er nú rekið eina kúabú sveitarfélagsins. Allir Dalbúar þekkja Andrés Ólafsson bónda á Hrísrú en hér vikur sögunni að langafa hans og alnafna sem var bóndi á Hrísrú um árabíl.

Halldór Laxness greinir frá Andrési í *Innansveitar-kroniku* og segir: „Andrés þótti fyrir þeim hrísbrúar-feðgum og svaraði með mestum skörúngsskap bæði þar á hlaðinu og annarstaðar, enda varð hann sem áður getur fyrstur innborinna mosdæla til að komast í hreppsnefnd í

héraðinu. Hann átti meira að segja bækur og fékk fleiri bækur þegar hann varð sextugur. Hann tók oft fram ritið Menn og mentir eftir Pál Eggert Ólason, sem hann fékk í afmælisgjöf frá hreppnum, og lofaði mönnum að vega bókina í höndum sér og finna hvað hún var þung. Margir öfunduðu hann af að vera í hreppsnefnd. Hann keypti sér skósiðan frakka til að hafa í hreppsnefndinni. Þegar hann hafði starfað nokkur ár í nefnd þessari sagði hann þó: hreppsnefndin er ekki nein skemtinefnd, allra sist eftir að bæði traffík og konkúrensi er farið að gera vart við sig í héraðinu.“

Þegar Andrés á Hrísrú varð sjötugur orti nágrenni hans Kolbeinn Högnason (1889-1949) í Kollafirði afmæliskvæði þar sem hann ber þá saman Andrés og Egil Skalla-Grímsson. Kvæðið birtist í kvæðabók Kolbeins *Hnoðnaglar*.

Andrés Ólafsson

Hrisbrú, 70 ára

*Brosa við í brekkuvang
breiðar lendur friðar.*

*Þar sem Egill enti gang,
Andrés hóf hann síðar.*


*Áttu báðir örðugt þóf,
ýmsu kenndu á hörðu.
Annar niður gull sitt gróf,
gull nam hinn úr jörðu.*

*Egill hleypti óðargand
út úr Bragasmíðju.
Andrés gróf sitt ljód í land
lífs með trúrri iðju.*

*Egill stríddi á eitt og hitt,
ýmsa hýddi glanna.
Andrés prýddi óðal sitt,
engan niddi granna.*

*Eins þótt lifðu á öldum tveim,
arfinn dýra vörðu.
- Heill sé báðum höldum þeim.
Hrisbrú fræga gjörðu.*

Kolbeinn Högnason.



*Gamli bærinn á Hrisbrú, Andrés er lengst
til hægri á myndinni, en börnin gætu verið
Karl Jónsson frá Helgadal og Ólafía
Andrésdóttir sem var móðir Andrésar á
Laugabóli, Erlings í Reykjadal og Hreins í
Helgadal. Maðurinn lengst til vinstri er
óþekktur. Myndin er líklega tekin um 1920.*

Vel upplýstir

Mosfellinger
leitum ekki
lægt yfir
skammt.

Ný fersk og framandi
auglýsingastofa
í Mosfellsbæ.

Hannun, auglýsinga-
bakklingar, logo,
nafnsplöð o. fl.
Heldurlausnir

velupplystir@isl.is
s: 897-7664 · 6946426



**Sími: 897-7664
og 694-6426**



BRÚN

Bílaviðgerðir járnsmíði.

**Erum fluttir á Völuteig 6
þar sem áður var Bæjarblikk.**

Símar: 566-7363 - 564-0551

Annáll ársins 2001

Mannamót ársins

Porrablót var haldið 10. febrúar í Fólkvangi með miklum glæsibrag. Að venju tók lúðrasveitin okkar „Brak og brestir“ á móti veislugestum með miklum tilþrifum og sveiflu. Skemmtikraftar á heimsmaelikvarða tróðu upp og fóru þar fremstar í flokki Sigrún Hjálmtýsdóttir, Ragnhildur Gísladóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.

Birgir Sigurðsson leikritaskáld flutti sinn árlega pistil á eftirminnilegan hátt og hver veit nema einhvern tíma geri hann leikrit um lífið í Mosfellsdalnum. Matargestir voru um 130 og stigu dans fram eftir nóttu af miklum krafti.

Lúðrasveitin „Brak og brestir“ gerði það ekki endasleppt á árinu en lagði land undir hjól og hélt þvert yfir landið í maíbyrjun. Förlinni var heitið til Sauðárkróks þar sem Norðlendingar héldu mikla danslagahátíð og lék sveitin létt lög við upphaf hátíðarinnar. Víghóll styrkti hljómsveitina til fararinnar.

Í gróðurreitnum var vinnudagur 7. júlí og mættu nálægt 20 manns. Hreinsuð voru burt fallin tré og brotnar greinar. Ýmsir komu með tré og runna með sér að heiman og gróðursettu meðfram norðurhlið reitsins þar sem búið var að höggva burt ónýtar hríslur.

Síðan var notaleg stund við grillið og allir fengu pylsur og kók.

Aðalfundur, sem halda átti í nóvember, féll niður vegna mikilla anna stjórnarmanna.

Gamlárskvöld var haldið hátíðlegt í Mosfellsdal að venju. Mikið neistaflug myndaðist þegar „Brak og brestir“ þeyttu lúðra og börðu bumbur af miklum móð í hávaðaroki. Góð mæting var og sungu dalbúar fullum hálsi í góðu skjóli við lúðrasveitarbílinn.

Framkvæmdir í Mosfellsdal

Víghóll hefur í mörg ár farið fram á að gert verði göngufært með hross undir brúna í Víðiroddanum og öllum til mikillar furðu var bara drifið í þessu á haustdögum. Er það von stjórnar Víghóls að leiðin undir brúna sé nothæf og auðveldi mönnum og hrossum að komast slysalaust um.

Að mörgu er að hyggja og þurfa dalbúar að halda vöku sinni og koma á framfæri við bæjaryfirvöld og fleiri, sem koma að framkvæmdum í bæjarfélaginu, ábendingum um það sem þarfnast lagfæringar í dalnum.

Auður Eiríksdóttir.